

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1039

Dagsetning: 17. september klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 10. september 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni. Rætt var um dagskrá starfsdags framkvæmdastjórnar 24. september næstkomandi.

3. Fjármál HH

Undirbúningur fyrir fund um fjármögnun verkefna og önnur rekstrarmál í heilbrigðisráðuneytinu.

4. Gæðakerfi fyrir HH

Kynnt yfirferð á fjórum gæðakerfum og rætt um næstu skref. Ákveðið var að rýna nánar í litlum starfshópi til að meta betur kosti og galla ólíkra kerfa.

5. Geðheilsuteymi fangelsa

Rætt hefur verið um framtíðarfyrirkomulag Geðheilsuteymis fangelsa í heilbrigðisráðuneytinu. Ákveðið var að teymið verði áfram hjá HH en fara þarf yfir skipulag teymisins og mönnun.

Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf undirbúningi og funda með ráðuneytinu, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM og HP

- Setja þarf starfshóp á laggirnar og halda áfram vinnu við mat á gæðakerfum, sjá lið 4.
Ábyrgð: ASV
- Vinna þarf áfram með skipulag og mönnun Geðheilsuteymis fangelsa, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10